



Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Borgarnes 23. mars 2022  
Málsnúmer: 2103130

Efni: **Litlu-Tunguskógur** – skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu.

**Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. mars 2022 að auglýsa lýsingu að breytingu á aðalskipulagi fyrir frístundasvæðið Litlu-Tunguskógur í Húsafelli í Borgarbyggð.

Fyrirhugað er að breyta landnotkun landsvæðis Litlu-Tunguskóga (L219075) í Húsafelli úr frístundabyggð í íbúðarsvæði. Svæðið er staðsett 600m austan þjónustumiðstöðvarinnar í Húsafelli, á milli Hálsasveitarveggar og Hvítár. Í gildi er deiliskipulag frá árinu 2007 sem gerir ráð fyrir 54 frístundalóðum og einni þjónustulóð. Gerð verður breyting á deiliskipulagi samhliða. Þar verði gert ráð fyrir að 40 lóðir verði að íbúðahúsalóðum en 14 lóðir austast á svæðinu verði áfram skilgreindar sem frístundalóðir. Aðkoma er um Hálsasveitarveg (518).

Skipulagslýsingin var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 23. mars 2022. Þá liggur skipulagslýsing fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Skipulagsauglýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is).

**Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Umsagnafrestur er til og með 10. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað. Hægt er að senda tölvupóst á [skipulag@borgarbyggd.is](mailto:skipulag@borgarbyggd.is) b.t. skipulagsfulltrúa eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. 22.02.2022.

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar